

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Grafísk hönnun

Thoth Tarot

Áhrif formfræðinnar á miðlun táknafræðinnar

Ritgerð til BA-prófs í grafískri hönnun

Rakel Erna Skarphéðinsdóttir

Haustönn 2014

Hönnunar- og arkitektúrdeild
Grafísk hönnun

Thoth Tarot

Áhrif formfræðinnar á miðlun táknfræðinnar

Ritgerð til BA / MA-prófs í grafískri hönnun

Rakel Erna Skarphéðinsdóttir

Kt.: 010491-3209

Leiðbeinandi: Guðmundur Oddur Magnússon

Haustönn 2014

Útdráttur

Thoth Tarot eru tarotspil sem voru hönnuð og útfærð á árunum 1938-1943. Þau voru hugmyndasmíð umdeilda dulspekingsins Aleister Crowley en hann naut dyggilegrar aðstoðar myndlistakonunnar Lady Frieda Harris. Harris myndgerði flóknar hugmyndir Crowley og útfærði yfir í sjötíu og átta myndir spilanna. Harris sýndi afburðaleikni við útfærslu þessa listaverka sem hvert og eitt spil ber vitni um.

Thoth Tarot leit þó ekki dagsins ljós fyrr en árið 1969. Hvorki Crowley né Harris lifðu til að sjá Thoth Tarot útgefið. Í dag hefur þessi tarotstokkur öðlast miklar vinsældir og góðan orðstýr fyrir umfangsmikla dýpt og tærleika spilanna.

Í þessari ritgerð er leitast við að skoða hvernig formfræði í ásýnd spilanna getur haft bein áhrif á bæði tákni og miðlun táknfræðinnar. Einnig verður skoðað hvernig myndmál og táknfræði getur haft sterk áhrif á þann sem skoðar. Það verður meðal annars greint út frá sjónarhorni svissneska sálfræðingsins Carl G. Jung með kenningum hans um sálrænar erkítýpur mannsins sem eiga sér stað í undirmeðvitundinni.

Hér verður varpað ljósi á undirliggjandi kerfi tarot og tengingu Thoth Tarot við Kabala, hermetisma, alkemíu og varprúmfræði og hvernig sértæk nálgun og útfærsla Lady Frieda Harris á þessu hefur áhrif á mynd- og tákniheim spilanna.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Crowley og Harris	4
1.1 Aleister Crowley	4
1.2 Lady Frieda Harris	5
2. Tarot	6
2.1 Samsetning stokka	8
2.1.1 Major arcana	8
2.1.2 Minor arcana	9
2.1.3 Tegundir	9
3. Thoth Tarot	10
3.1 Thoth og Tré lífsins	11
3.2 Litir og formfræði	14
3.2.1 The Priestess	17
3.2.2 The Hermit	18
3.2.3 The Hanged Man	19
Niðurlag	21
Myndaskrá	24
Ítarefni	25

Inngangur

Þegar ég sá tarotstokk Aleister Crowley, *Thoth Tarot*, í fyrsta sinn heillaðist ég samstundis af myndum spilanna. Það var eitthvað svo grípandi við þær, eitthvað sem náði mér umsvifalaust. Þær voru svo ólíkar því sem að ég hafði séð áður, það var eitthvað við myndmálið sem er svo einstaklega djúpt sem talaði meira til mín en myndmál hinna hefðbundnu tarotspila.

Ég hef lengi vel verið áhugasöm um tarot, en áhugi minn vaknaði enn frekar þegar ég áttaði mig á því að tarotspil eru ekki einungis notuð fyrir spádóma. Nú til dags sjá margir fyrir sér galdrakonu með kristalskúlu og tarotspil sem selur spádóma um framtíðina. Það er hinsvegar ekki það sem ég sé. Dulspekileg nálgun tarotsins er það sem heillar mig fremur, og hvernig hægt er að líta á kerfi tarotsins sem tól í leit manna að sjálfsþekkingu og andlegri uppljómun. Sumir færu sennilega að fussa og sveia við tilhugsunina um þá nálgun. Hvernig ætti spilastokkur að geta sagt einhverjum til um andlega leið eða sálarþroska? Það ætla ég að skoða nánar.

Aleister Crowley, umdeildur dulspekingur og rithöfundur, titlaður sem „the wickedest man in the world“ af bresku pressunni en endaði samt sem áður á lista yfir 100 mestu hetjur Bretlands¹ naut dyggilegrar aðstoðar við gerð spilanna frá Lady Frieda Harris myndlistakonu, sem myndgerði hugmyndir Crowley eftir nákvæmum leiðbeiningum. Harris sýnir afburðarleikni við útfærslu listaverkanna sem spilin eru og hvernig hún fléttar inn í þau djúpum og dulrænum táknum, ásamt nýjustu upp-götvunum í vísindum, stærðfræði, heimspeki og mannfræði þess tíma.

Það er áhugavert að skoða hversu miklu er hægt að miðla áfram með myndmálinu einu og sér. Orðatiltækið „mynd segir meira en þúsund orð“ á vel við í þessari ritgerð en í flestum tarotspilum, þar á meðal Thoth Tarot, sjáum við spil sem miðla til okkar miklum upplýsingum og eru hlaðin torskildum táknum.

Ég hef annað slagið velt því fyrir mér hvort skilningur núlifandi kynslóðar á myndmáli sé annarskonar en áður fyrr og hvort að þessi skilningur sé hugsanlega að fara minnkandi og jafnvel að deyja út. Carl Gustav Jung skrifaði um ýmis trúarleg og dulspekileg mál á seinni hluta ævi sinnar. Í bókinni *Man and His Symbols* skrifar hann um erkitýpur og bældu hlið nútímamannsins þar sem hann veltir þessu einnig fyrir sér:

¹ James K. Walker, *Aleister Crowley*, engin dagsetning, sótt 9. nóvember 2014, <http://www.watchman.org/profiles/pdf/aleistercrowleyprofile.pdf>.

² Carl G. Jung, Marie-Louise Franz, Josepj L. Henderson, Jolande Jacobi, Aniela Jaffé, *Man*

„Modern man does not understand how much his “rationalism” (which has destroyed his capability to respond to numinous symbols and ideas) has put him at the mercy of the psychic “underworld”. He has freed himself from “superstition” (or so he believes), but in the process he has lost his spiritual values to a positively dangerous degree. His moral and spiritual tradition has disintegrated, and he is now paying the price for this break-up in the worldwide disorientation and dissociation.“²

Í ritgerðinni mun ég leita svara við spurningunni: Hvernig er formfræðin í myndum Thoth Tarot nýtt til þess að túlka táknfræði spilanna? Um leið mun ég athuga hvort að formfræðin hafi áhrif á það sem táknfræðin segir okkur.

Til þess að kafa svo djúpt inn í myndheim Thoth Tarot þarf ég stuttlega að skoða sögu tarot og útskýra undirliggjandi kerfi þess til að geta gert betur grein fyrir því sem myndmálið miðlar. Þar mun ég einnig skoða tengingu Thoth Tarot við Kabala, hermetisma, alkemíu og varprúmfræði og hvernig sértæk nálgun og útfærsla Lady Frieda Harris á þessu hefur áhrif á mynd- og táknheim spilanna.

² Carl G. Jung, Marie-Louise Franz, Josepj L. Henderson, Jolande Jacobi, Aniela Jaffé, *Man and his Symbols*, Aldus Books, London, 1968, bls. 83-84.

1. Crowley og Harris

Aleister Crowley og Lady Frieda Harris komu saman að gerð Thoth Tarot. Hann sem hugmyndasmiður og hún sem útfærði og myndgerði hugmyndir hans. Þau lifðu þó hvorugt til að sjá spilin útgefin. Nánar verður fjallað um það hér að neðan.

1.1 Aleister Crowley

Aleister Crowley, enskur dulspekingur, fjallamaður (e. mountaineer), skáld, rithöfundur ásamt fleiru og er oft lýst sem áhrifamesta dulspeking tuttugustu aldarinnar. Hann hefur oft verið talinn mörgum skrefum á undan sínum samtímamönnum og hann hefur haft djúpstæð áhrif á dulspekina eins og hún þekktist í dag.

Edward Alexander Crowley var fæddur þann 12. október árið 1875 í Englandi. Foreldrar hans voru strangtrúaðir og af efri stétt, faðir hans var Edward Crowley, bruggari og móðir hans Emily Bertha Bishop. Edward Alexander tók upp nafnið Aleister Crowley en hann átti einnig fjölmörg dulnefni í gegnum ævina sem hann notaði meðal annars þegar hann orti vafasöm ljóð sem námsmaður og síðar á lífsleiðinni við önnur skrif. Þar má meðal annars nefna nöfnin; The Great Beast, the Beast 666, Mega Therion, Frater Perdurabo og Mahatama Guru Sri Paramahansa Shivaji.³

Crowley lærði hjá einkakennurum og í einkaskólum, síðast í Trinity College í Cambridge. Þar fóru skáldhæfileikar hans að blómstra og kynntist hann þar meðal annars alkemíu, mysticisma og fleira sem snerti á dulspeki. Árið 1898 bauð hann sig til innvígslu til hermetísku dulspekireglunnar *The Golden Dawn*. Í fimmtu gráðu reglunnar, *Adeptus Minor*, er verkefni hins innvígða að gera sín eigin tarotspil eftir sértækum spilum sem voru fengin að láni frá reglunni. Meðlimir reglunnar voru bundnir þeim eið að mega aldrei sýna eða gefa út spilin til að viðhalda leyndardóm reglunnar. Þrátt fyrir að hafa hætt í reglunni eftir nokkur ár sem meðlimur, er ljóst að Crowley hefur haldið í strúktúr og lærdóm reglunnar og þau áhrif hafa að mörgu leyti fylgt honum í gegnum lífsverk hans. Talið er nokkuð ljóst að það sem varð seinna að tarotstokk Crowleys, Thoth Tarot, hafi nýtt tarot kerfi *Golden Dawn* sem grunn og innblástur. Gráðukerfi *The Golden Dawn* er byggt upp á Kabalísku skipulagi, sem kallast Tré lífsins og byggir upphaflega á táknfræði gyðingdómsins. Þetta kerfi er mjög mikilvægt að skilja þegar kemur að Thoth spilunum.

³ James K. Walker, *Aleister Crowley*.

Tré lífsins samanstendur af tíu hnöttum (e. sephiroth sem er vísað í sem *sefirot* í þessari ritgerð) sem má tengja við mismunandi stig meðvitundarinnar og sálarþróunar. Sá lægsti (10) táknar það efnislega og sá hæðsti (1) táknar æðstu meðvitundina, eða kórónuna. Kabala-sinnaðir dulspekingar telja að með því að klífa þetta táknræna tré megi maður koma meðvitundinni á hærra eða æðra stig. Thoth tarotspilin eru góð táknræn framsetning á Tré lífsins og ég mun fjalla betur um það síðar í þessari ritgerð.⁴

1.2 Lady Frieda Harris

Myndlistakonan Lady Frieda Harris fæddist árið 1877 og var gift breska þingmanninum, Sir Percy Harris. Hún var meðlimur í sam-frímúrarareglu (e. co-Mason) sem tók við bæði konum og körlum. Hún var því ekki alveg ókunnug dulspekilegum málefnum og síðum þegar hún kynntist Crowley fyrst í gegnum sameiginlega vinkonu, Gretu Valentine. Harris var þó nýliði þegar kom að tarot en hún fann sig knúna af „heilögum verndarengli sínum“⁵, eins og hún orðaði það, til þess að takast á við þetta verkefni og gera besta mögulega tarotstokkinn, þar sem að hvert spil gæfi til kynna djúp og dularfull andleg skilaboð.⁶ Crowley sá verkefnið fyrir sér þannig að hann myndi finna besta mögulega tarotstokkinn og þau myndu leiðrétta og endurbæta hann. Hann áætlaði að slíkt verkefni myndi taka þau um það bil 6 mánuði. Harris stakk hinsvegar upp á því að Crowley myndi algjörlega endurhanna hinn hefðbundna stokk og skrifa ítarlega bók um hann. Crowley þverneitaði að gera það á þann veginn en Harris haggðist ekki með ákvörðun sína og sagði honum að hún myndi mála sjötíu og átta nýjar tarot-myndir sem ættu að myndskreyta yfirgripsmikla bók hans um Thoth Tarot. Harris gerði Crowley rausnarlegt tilboð sem hann gat ekki hafnað þar sem á þessum tíma hafði hann lítið sem ekkert á milli handana, en Harris bauð honum laun upp á 2 pund á viku ásamt því að hann tæki að sér að kenna henni ýmis dulfræði í staðinn.

⁴ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, Weiser Books, San Francisco, 2003, bls. 13.

⁵ Heilagur verndarengill er tengdur andlegri þróun hvers og eins, burtséð frá trú eða grundvallar lífsspekiviðhorfum. Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 70.

⁶ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, U.S. Games System, Stamford, Bandaríkin, 2008, bls, 4.

2. Tarot

Skýr uppruni tarotsins er óljós, sumir telja að hægt sé að rekja hann aftur til Fornegypta⁷ og aðrir aftur til landa umhverfis Miðjarðarhafsins á fjórtánda öld. Á þeim tíma voru velgjörðarmenn fengnir til að fjármagna gerð spilastokka sem sumir hverjir hafa varðveist. Þar má nefna spil sem voru gerð fyrir Visconti-Sforza fjölskylduna sem réð ríkjum í Mílan á Ítalíu á þrettánda til fimmtánda öld. Þrír stokkar af þessum handmáluðu spilum hafa varðveist og sá elsti þeirra var að öllum líkindum gerður árið 1428 í tilefni brúðkaups Bianca-Maria Visconti og Francisco Sforza.⁸ Á miðöldum voru slík spil mikið notuð til spádóma, sérstaklega á meðal sígauna og voru þá oft kölluð tarot bóhemana.⁹ Megin ástæðan fyrir óljósum uppruna tarotsins gæti legið í því hvað það var gerður lítill greinarmunur á milli tarotspila með hærri ásýnd (e. higher aspect) sem táknfræðilegri skrásetningu mannsins og sambandi hans við hinn innri heim og vaxandi meðvitund, og hins vegar tarotspila með lægri ásýnd, sem spilastokkur notaður fyrir spilaleiki. Talið er að sá stokkur hafi þróast í nútíma spilastokkinn eins og við þekkjum hann í dag.¹⁰

Á átjándu og nítjándu öld fóru fræðimenn og dulspekingar að sýna tarotspilum aukinn áhuga. Þeir heilluðust af tarot og gerðu sér grein fyrir því að myndmál spilanna var áhrifameira en gerðist í einföldum spilaleikjum.¹¹ Kjarni táknfræðinnar er að hvert spil geti gefið til kynna eins mikla þýðingu fyrir hvern þann sem úr þeim les, á myndrænan og tilfinningalegan hátt. Myndir spilanna gefa til kynna ákveðnar erkítýpur en svissneski sálfræðingurinn Carl G. Jung (1875-1961) lýsir þeim í einni af ritgerðum sínum:

The way in which archetypes appear in practical experience: They are, at the same time, both images and emotions. One can speak of an archetype only when these two aspects are simultaneous. When there is merely the image, then there is simply a word-picture of little consequences. But by being charged with emotion, the image gains numinosity (or psychic energy); it becomes dynamic, and consequences of some kind must flow from it. [...] it is essential to insist that they are not mere names, or even philosophical concepts. They are pieces of life itself—images that are integrally connected

⁷ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, Weiser Books, San Francisco, 2008, bls. 3.

⁸ Sylvie Simon, *The Tarot: Art, mysticism and Divination*, Alpine Fine Arts Collection, 1988, London

⁹ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 3.

¹⁰ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, U.S. Games System, Stamford, Bandaríkin, 2008, bls. 34.

¹¹ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, bls. 4.

to the living individual by the bridge of the emotions. That is why it is impossible to give an arbitrary (or universal) interpretation of an archetype. It must be explained in the manner indicated by the whole life-situation of the particular individual to whom it relates. [...] Those who do not realize the special feeling tone of the archetype end with nothing more than jumble of mythological concepts, which can be strung together to show that everything means anything—or nothing at all. [...] Archetypes come to life only when one patiently tries to discover why and in what fashion they are meaningful to a living individual.¹²

Dulspekingar tengdu spilin við egypskan leyndardóm, hermetisma, alkemíu og fleiri dulræn kerfi og á tuttugustu öldinni voru tarotspilin tekin inn í leynilegar reglur t.d. hina fyrrnefndu *The Order of the Golden Dawn*.¹³ Það er almennt gengist við því að spilin tákni ákveðna flokkun eða kortlagning innri heim mannsins [undirmeðvitundin] eins og hann leggur sig í sálrænum erkitýpum mannsins. Það er leitandi sem leitast eftir svörum við persónulegum spurningum, hann stokkar spilin sem lesandi raðar svo upp eftir ákveðnu sniði. Sérhver staðsetning í röð spilanna hefur ákveðna merkingu sem og hvert og eitt spil. Lesandinn sameinar svo þessar tvær merkingar til að varpa ljósi á spurningu leitandans og veita honum táknrænt innsæi á vandanum.¹⁴

Svörin liggja ekki í hversdagsleikanum, heldur á djúpu stigi minninga og meðvitundar í undirmeðvitundinni. Við munum hugsanlega aldrei vita til fulls hvaða máttur býr í undirmeðvitundinni eða hversu valdamikil hún getur verið. Það eru aftur á móti til tól til þess að kanna landslag hennar, sem dæmi: sállækningar (e. psychotherapy), draumaráðningar, sjónmyndun (e. visualization) dáleiðsla og hugleiðsla, ásamt öðrum flóknari dulspeikaðferðum. Tarot er eitt þessara tóla. Í gegnum aldirnar hefur tarot þróast í samansafn af undirstöðu-mynstri huga og tilfinninga mannaverunnar.¹⁵ Við höfum öll ákveðnar þarfir, hagsmuni og reynslu en myndir tarotspilanna fanga þessar alheimslegu svipstundir og sýna okkur þær óhjákvæmilega með erkitýpum úr sálarlífi okkar. Jung lýsir þessu:

The recollection of infantile memories and the reproduction of archetypal ways of psychic behaviour can create a wider horizon and a greater extension

¹² Carl G. Jung, Marie-Louise Franz, Josepj L. Henderson, Jolande Jacobi, Aniela Jaffé, *Man and his Symbols*, bls. 87-88.

¹³ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 12.

¹⁴ Joan Bunning, *Learning the Tarot: A Tarot Book for Beginners*, bls. 7.

¹⁵ Joan Bunning, *Learning the tarot: a tarot book for beginners*, S. Weiser, York Beach, 1998, bls. 7.

of consciousness —on condition that one succeeds on assimilating and integrating in the conscious mind the lost and regained contents.¹⁶

Tarot getur flutt okkur margvísleg skilaboð vegna ríks myndmáls og sameiginlegra sálfræðilegra tenginga allra manna, en máttur spilanna kemur ef til vill frá sameiningu þess persónulega og því alheimslega. Tarot má þannig líta á sem spegil sem endurkastar duldu hlið meðvitundarinnar.¹⁷

2.1 Samsetning stokka

Tarotstokkur samanstendur af sjöttíu og átta spilum sem skiptast í tvo meginflokka, *Major Arcana* og *Minor Arcana*. Orðið *arcana* er fleirtalan af *arcanum* sem þýðist sem leyndardómur eða launhelg þekking. Á miðöldum notuðu alkemistar orðið *arcanum* yfir leyndardóma náttúrunnar. Tarot gæti því verið samansafn leyndardóma sem undirliggja og útskýra sálfræðilegu og andlegu heimsmynd mannsins.¹⁸

2.1.1 Major arcana

Flokkurinn *Major arcana* samanstendur af tuttugu og tveimur trompum eða myndaspilum og um þau er oft talað sem hjarta stokksins. Hvert og eitt spil á sér nafn og númer, en þau eru númeruð með rómverskum tölum frá 0-XXI.¹⁹ Þessi spil kalla jafnan fram djúpstæð viðbrögð en hvert og eitt tromp á sér sinn heim og með því að greina erkitýpur þeirra má draga af þeim mikilvæga lærdóma um eigið sálarlíf.²⁰

Í Kabalískum skilningi tákna þessi spil tuttugu og tvær leiðir ferðalags okkar, ferðin í leit að andlegri uppljómun, þar sem hvert spil stendur fyrir ákveðna reynslu sem verður á vegi okkar og við þurfum að leysa til að göfga sálarþekkingu okkar. Þetta í heild sinni er oft nefnt ferðalag Flónsins (e. the Fool's journey). Flónið er tromp númerað 0 og er myndlíking fyrir okkur á leið í gegnum lífið. Hann er flón vegna þess að hann er sá sem er nægilega einfaldur og grunlaus um erfiðleikana sem munu verða á vegi hans. Hann er opinn og hvatvís og tilbúinn að takast á við það sem tekur á móti honum. Flónið er einnig litið á sem mann sem hefur fetað leið

¹⁶ Carl G. Jung, Marie-Louise Franz, Josepj L. Henderson, Jolande Jacobi, Aniela Jaffé, *Man and his Symbols*, bls. 90.

¹⁷ Joan Bunning, *Learning the tarot: a tarot book for beginners*, bls. 9.

¹⁸ Joan Bunning, *Learning the tarot: a tarot book for beginners*, bls. 11.

¹⁹ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 82.

²⁰ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 83.

sjálfþekkingar og náð hinu æðsta stigi uppljómunar, við það hefur hann fjarlægst mennina andlega svo að þeir skilja hann ekki lengur og líta á hann sem flón.²¹

2.1.2 Minor arcana

Hin fimmtíu og sex eftirstandandi spil nefnast *minor arcana*. Þau skiptast niður í fjórar tegundir líkt og venjulegir spilastokkar sem eru okkur kunnugir með tegundirnar hjarta, spaða, tígul og lauf. Tegundir tarotsins heita vendir (e. wands), bikarar, (e. cups), sverð (e. swords) og skildir (e. disks). Þessi nöfn geta verið mismunandi á milli stokka þó þau standi fyrir það sama, þetta eru nöfnin sem ég kem til með að nota í þessari ritgerð. Í hverri tegund eru fjórtán spil sem samanstanda af fjórum kóngaspilum (e. court cards) og tíu smáspilum (e. small cards).

2.1.3 Tegundir

„With the Wand createth He.
With the Cup preserveth He.
With the Dagger destroyeth He.
With Coin redeemeth He.“²²

Hver tegund hefur sína eiginleika, en reynsla okkar af veruleikanum mótast af þessum eiginleikum. Vendir tákna athafnasemi, vinnu, afl, viðleitni, erfiði, viðskipti, oft tengt kostum gæða, ákafa, ævintýragirni, áhættu og sjálfstrausts.²³ Eldurinn er frumefni Vanda, flöktandi logi tákna orkuna sem flæðir út á við. Þeir standa einnig fyrir karlorkuna. Bikarar tákna hjartans mál, tilfinningar og andlega reynslu, rómantík, ást, sköpunarkraft og listir.²⁴ Vatnið er frumefni Bikarana, eiginleikar þess að fylla upp í pláss, flæða og endurspegla mismunandi ástand. Bikararnir eru tákn kvenorkunnar. Sverð tákna mál hugans, vitsmuni, skynsemi og dómgreind sem og heilsu, vísindi, áhyggjur og siðferði.²⁵ Loftið er frumefni Sverðanna sem merki um andlegan skýrleika. Skildir tákna það hagsama, raunsæja og það efniskennda. Vinna (e. labour), peningar, heimili og fjárfestingar. Jörðin er frumefni Skjaldanna og tákna því það ápreifanlega og efnislega. Þessi tegund er í sumum stokkum kölluð *Coins* sem tákn vöruskipta eða þjónustu.²⁶

²¹ Elisabeth Haich, *Tarot: Vegur Viskunnar*, Hliðskjálfr, Reykjavík, 2007, bls. 147.

²² Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 71.

²³ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 311.

²⁴ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 295.

²⁵ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 309.

²⁶ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 296.

3. Thoth Tarot

Aleister Crowley var hugmyndasmiður Thoth Tarot en Lady Frieda Harris sá um að útfæra myndir stokksins eftir nákvæmum leiðbeiningum Crowley. Eins og fram hefur komið höfðu þau áætlað að verkið tæki um það bil sex mánuði og var ætlunin að laga, uppfæra og gefa gömlu klassísku spilunum leynilegra (e. esoteric) yfirbragð.

Verkefnið var fljótt að stækka um sig og óx upp í algjöra endurhönnun á táknrænni framsetningu og táknkerfi hefðbundnu spilanna. Þessir sex mánuðir framlengdust í fimm ár á bilinu 1938 til 1943. Crowley hellti úr viskubrunni sínum við gerð spilanna og í þau felldi hann til að mynda visku sína um nýjustu uppgötvanir í vísindum, stærðfræði, heimspeki og mannfræði.²⁷

Samstarf þeirra Crowley og Harris var mjög náð og mikið er til af bréfaskriftum sem fór þeirra á milli þar sem hugmyndir og skoðanir voru viðraðar. Í einum af þessum bréfum segir Crowley frá því hversu mikil áhrif listrænu hæfileikar Harris hafi haft á hann og gert honum grein fyrir því að hvert og eitt spil væri einstakt meistaraverk.²⁸ Harris lagði einstaklega mikið á sig til að skila fram góðri vinnu en sum spilanna þurfti hún að útfæra allt að 8 sinnum til að ná fram því sem Crowley leitaðist eftir.²⁹ Hvorki Crowley né Harris lifðu til að sjá stokkinn útgefinn. Hann hélst óútgefinn til ársins 1969, þegar Grady L. McMurtry, meðlimur úr dulspekireglu Crowley, *Ordo Templi Orientis* (O.T.O) sá um útgáfu hans.³⁰

The Great Wheel of Samsara.

The Wheel of the Law. (Dhamma.)

The Wheel of the Taro.

The Wheel og the Heavens.

The Wheel of Life.

All these Wheels be one; yet of all these the Wheel of the TARO alone avails thee consciously.

Meditate long and broad and deep, O man, upon this Wheel, revolving it in thy mind!

Be this thy task, to see how each card springs necessarily from each other card, even in due order from the Fool unto The Ten of Coins.

Then, when thou know'st the Wheel of Destiny complete, may'st thou perceive THAT Will which move it first. [There is no first or last.]

And lo! Thou art past through the Abyss.³¹

²⁷ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, bls. 3.

²⁸ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, bls. 4.

²⁹ Claas Hoffman, „Projective Synthetic Geometry in Lady Frieda Harris' Tarot Paintings and in Aleister Crowley's Book of the Law“, í *Tarot studies archive*, sótt 27. nóvember 2014, <http://newsletter.tarotstudies.org/2004/03/projective-synthetic-geometry/>

³⁰ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, bls. 5.

³¹ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. V.

Á þessum orðum byrjar Crowley bók sína um Thoth Tarot. Þetta birtist fyrst í *The Book of the Law* árið 1904, 40 árum áður en hann skrifaði *The Book of Thoth*. Í brúðkaupsferð sinni í Kairo, Egyptalandi þann 8. 9. og 10. apríl árið 1904 var *The Book of the Law* miðlað (e. dictated) til Crowley af æðri greind sem kallaði sig Aiwass og talaði í gegnum eiginkonu Crowley, Rose Edith Crowley (1874-1932). Þessi reynsla varð hornsteinn kenninga Crowley sem varð síðar mikill innblástur í myndmáli og við gerð Thoth Tarot. *The Book of the Law* var einnig áhrifavaldur eiginleika Kabala í *Major arcana* Thoth Tarot, þar sem hverju og einu af tuttugu og tveimur trompunum er úthlutað hebreskum staf og braut á Tré lífsins ásamt merki úr stjörnuspeki, frumefni eða plánetu.³² Saman mynda trompin tuttugu og tvo stafi hins forna hebreska stafrófs.

„The Atu of Tahuti
Or: The twenty-two Houses of Wisdom
Or: The twenty-two Trumps of the Tarot“³³

Tromp *Major Arcana* í Thoth Tarot eru vanalega kölluð „Atus of Tahuti“ en *Atu* merkir í fornegyptsku „heimili“ eða „lykill“ og *Tahuti* er ibishöfðaði³⁴ guðinn Thoth (egyptski *Hermes* eða Rómverski *Mercury*), guð viskunnar og verndarguð Tarotsins. Thoth er sagður hafa kennt mannkyninu tungumál og skrift.³⁵

3.1 Thoth og Tré lífsins

The Tree of Life—This figure must be studied very carefully, for it is the basis of the whole system on which the Tarot is based. It is quite impossible to give a complete explanation of this figure, because (for one thing) it is quite universal. Therefore it cannot mean the same to any one person as to any other.³⁶

Tré lífsins er kabalískt skipulag samansett af tíu sefírotum og tuttugu og tveimur brautum sem afl orku og meðvitundar sem tengja saman sefírotana. Samkvæmt kenningum Kabala hafa sefírotar og brautir trésins að geyma alla þekkingu heimsins og þar af leiðandi er Tré lífsins einskona alheimskortlagning.

³² James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, bls. 38-39.

³³ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 35.

³⁴ „Íbis, dýrafræði, fulg af stórnefjaætt, dýrkaður í Egyptalandi fyrr á tímum.“ *Snara.is*, Snara ehf., sótt 6. desember 2014, www.snara.is leitarorð „Ibis“.

³⁵ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 85-86.

³⁶ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 30.

Kabala þýðir „að taka inn“ eða „veita inngöngu“ (e. receive) sem samanber því að vera innvígður. Thoth Tarot er röð sjötíu og átta mynda sem með myndmáli sínu túlka orku og kenningar Kabala.³⁷

Crowey talar um að tenging Thoth Tarot við Tré lífsins sé ómissandi. Ásar hverrar tegundar eru framsettir í efsta sefirot trésins, *Kether*. Í *Kether* eiga fjögur klassísku frumefnin uppruna sinn og þar er þungamiðja hins flekklausa anda (e. pure spirit). Í þessum sefirot verður sameining við guð, uppljómun og fullkomnun hins alkemíska verks, *Magnum Opus*. Tvistarnir samsvara sér við *Chochmah* sem er annar sefirotinn. *Chochmah* er sefiroti lífskraftsins og viskunnar, hann er atorkusamur, jákvæður og karllægur. Þristarnir standa fyrir *Binah* sem er sefirot skilnings. *Binah* er hin mikla móðir og rótfesta þess efnislega og er kvenlæg. *Chochmah* og *Binah* eru tveir undirstöðu sefirotar þar sem manndómur og kveneðlið í sameiningu kalla fram heiminn. Næst kemur sefirotinn *Chesed*, þar sem fjarkarnir eru staðsettir. *Chesed* er sefiroti vinsemdar og miskunnar. Hann heldur um allann mátt og frá honum geislar öll andleg, trúarleg og dulræn dyggð. Fimmurnar eiga við *Geburah* sem er sefiroti styrks. *Geburah* er afdrifaríkur og hjálpar okkur að komast yfir tálma sem verða á leið okkar. Þar er að finna ákveðnar dyggðir eins og hugrekki og athafnarsemi en líka grimmd, miskunnarleysi og eyðileggjandi áhrif. Þetta er afdrifaríkasti og ofsalegasti sefirotinn en jafnframt sá agaðasti. *Tiphareth* er sjötti sefirotinn, tengdur fegurð. Þar eru sexurnar. *Tiphareth* er staðsettur fyrir miðju trésins og táknar andlegt jafnvægi og ákveðnar krossgötur á leið viskunnar. Þar á holdgun sér stað. Þar er einnig jafnvægi á milli smáheimsins (e. microcosm) og alheimsins (e. macrocosm). Sjöurnar samsvara sér við sefirota sigurs, *Netzach*. *Netzach* tjáir okkur heim eðlisávísana, tilfinninga og náttúruafla. Áttundi sefirotinn er *Hod* og táknar dýrð. Þar raðast átturnar. Í þessum sefirot vaknar rökrétt greind mennskrar meðvitundar. Níurnar eru í *Yesod*. *Yesod* tekur bæði þátt í efnisheiminum og andlega heiminum, tengdur tunglinu og draumum. Að lokum komum við að *Malkuth* þar sem tíurnar eru staðsettar. *Malkuth* er grunnur trésins, þetta er botninn þar sem allt líf verður að fá að byrja áður en það leitar í hærri ásýndir Tré lífsins. *Malkuth* er sefirot jarðarinnar og sálar hennar.³⁸

Svæðið sem liggur á milli fyrstu þriggja sefirotanna og restarinnar af Tré lífsins kallast Hyldýpið (e. the Abyss). Það er staður hins falska sefirots *Daath*. Við

³⁷ James Wasserman, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, bls. 19-20.

³⁸ Sylvie Simon, *The Tarot: Art, mysticism and Divination*, bls. 36-43.

horfum öðrum augum á ása, tvista og þrista hverrar tegundar heldur en á rest smáspilanna vegna staðsetningar þeirra fyrir ofan Hyldýpið, þau spil má því segja að séu ein hamingjusöm fjölskylda. Ásarnir tákna *Kether* og eru rótfesta frumefna hverrar og einnar tegundar. Tvistarnir eru fyrsta formbirting hugmynda og þristarnir sjá til þess að það sé jafnvægi í þríhyrningnum ásamt því að vera móðurlíf þaðan sem öll hin spilin koma frá. Þessi spil eru því mjög sterk og skilgreina sína tegund í meginatriðum.³⁹

Fjarkarnir eru fyrsta tegundin sem liggur fyrir neðan Hyldýpið, þeir eru sterkir og þeir vita ekki hvað liggur fyrir ofan Hyldýpið svo þeir trúa því að þeir séu ásar sinnar tegundar. Fimmurnar eru athafnasamar en eins og sefírotinn sem þær tilheyra eru þær jafnframt í ójafnvægi og geta valdið óþægindum. Sexurnar eru sterkar þar sem þær eru spegilmynd ásana og fyrsta formbirting í samræmi við þá. Sjöurnar eru í töluverðu ójafnvægi vegna staðsetningar sinnar neðarlega á trénu og það eru átturnar líka en þær eru byrjaðar að missa töluvert af upprunalegu orku sinnar tegundar. Sumar eru góðar en aðrar ekki. Níurnar eru stöðugar en nía sverðanna sker sig úr og er óstöðug. Tíurnar boða yfirleitt ekkert nema hörmungar vegna staðsetningar sinnar neðst á trénu. Þar hafa þær alveg týnt eiginleikum sinna tegunda þar sem þær dvelja í lægri heim. Hér er þó ein undantekning sem er tía skjaldanna, en hún er síðasta spil smáspilanna og eini staðurinn sem hún getur farið á, er aftur upp á toppinn.

Kabalistar skilgreina og flokka allt niður í fjóra flokka við tilurð þess, þar með talið mannsálina. Flokkarnir fjórir koma heim við hebresku stafi nafns Guðs יהוה eða Yod, Hé, Vau, Hé, (YHVH), yfirleitt borið fram sem Jehovah. Þessum fjórum flokkum getum við varpað yfir á samsvarandi hliðstæður Tré lífsins [fjögur tré með mismunandi eiginleika]. Þessir flokkar standa fyrir hina fjóru Kabalísku heima, *Assiah* efnisheimurinn, *Yetzith* heimur mótunnar, *Briah* heimur sköpunargáfna og *Atziluth* heimur erkitýpa. Fjóru parta sálarinnar, dýrasálina, vitsmunina, sálarinnsæið og lífskraftinn. Þar eru einnig frumefnin fjögur, jörð, vatn, loft og eldur og síðast en ekki síst smáspil tarot tegundanna, skildir, sverð, bikarar og vendir.⁴⁰ (Sjá töflu 1)

³⁹ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 63.

⁴⁰ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 61-63.

Nafn Guðs	ו	ה	ל	ה
Frumefni	Eldur	Vatn	Loft	Jörð
Kabalíski heimur	Atziluth Heimur erkítýpa Hinn æðsti heimur	Briah Heimur sköpunargáfu Næst æðsti heimurinn	Yetzirah Heimur móttunnar Næst lægsti heimurinn	Assiah Efnisheimur Lægsti heimurinn
Hluti sálar	Chiah Lífskraftur	Neshamah Sálar innsæi	Ruach Vitsmunir	Nephesh Dýrasál
Tegund	Vendir Vilji	Bikarar Skilningur-hjarta	Sverð Hugur-vitsmunir	Skildir Tilfinningar- líkami

Tafla 1⁴¹

Vegna þess að *Atziluth* er heimur vandanna, *Briah* heimur bikarana, *Yetzirah* heimur sverðanna og *Assiah* heimur skjaldana, þýðir það þó ekki að smáspilin séu hamingjusöm eða sterk í sínu tré. Hvert og eitt tré hefur sína sérstæðu og á bæði styrkleika og veikleika sem eru mismunandi eftir trjám annarra heima. Sem dæmi getur sefírotinn *Yesod* verðið sterkur í heimi erkítýpanna (*Atziluth*) en veikur í heimi sköpunargáfnanna (*Briah*).⁴²

Lon Milo DuQuette útskýrir Tré lífsins vel í bók sinni um Thoth Tarot og kemst svo að orði um Tré lífsins og orkuna sem flæðir um það:

We can think of the ten sephiroth of the Tree of Life as representing a descent of energy. In that case, we are actually contemplating the creation of the phenomenal universe. We can think of the sephiroth as representing a descent of consciousness. In that case, we are actually contemplating the true meaning of the concept of the fabled “fall of man.” We can also think of the sephiroth as the descent of light—and when light descends we have color.⁴³

3.2 Litir og formfræði

Hvað er það sem gerir Thoth Tarot frábrugðið öðrum stökkum? Ég held að augljósasta svarið við þessari spurningu séu listaverkin sem hvert og eitt spil hefur að geyma. Crowley nefnir í *Book of Thoth* að samræmi spilana gefi til kynna nákvæma notkun táknfræðilegra tákna og liti Kabala. En myndirnar sýna meira en færni Harris í útfærslu sinni af hefðbundnum myndum tarotsins sem eru fínstilltar til að endurspegla nútímaskilning sjálfsins og hins eðlislæga heims þar sem djúpur og flókinn kjarni dulrænna kenninga Crowley eru vandlega fléttaðar inn í stíl Harris.⁴⁴

⁴¹ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 48.

⁴² Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 63.

⁴³ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 64.

⁴⁴ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 19.

Litirnir og notkun þeirra hafa mikið að segja, alls 136 litir sem hver um sig miðlar til okkar ákveðnum upplýsingum.⁴⁵ Þegar við berum saman spil sjáum við ákveðna eiginleika litanna sem gefur til kynna hvort spilin eigi saman eða hvort þau standi gegn hvort öðru.⁴⁶ Hvað er það sem stjórnar litavalinu? Harris nýtti sér litaskala í fjórum hlutum sem meistarar dulspekireglunnar *Golden Dawn* þróuðu. Litaskalarnir fjórir eru unnir út frá hugmyndinni um flekklausa ljósið (e. pure light) sem er varpað í gegnum prisma sem brýtur ljósið niður í allt litrófið. Það var svona sem kabalistarnir sáu sálina fyrir sér, sem flekklaust ljós sem brotnar niður í orku, hug og efni.⁴⁷

Litaskalarnir fjórir sem um ræðir eru skali riddarans (e. Knight scale), skali drottningarinar (e. Queen scale), skali prinsins (e. Prince scale) og skali prinsessunnar (e. Princess scale). Skalarnir hafa misjöfn vægi hvað varðar hreinleika, þar af hefur riddara-skalinn það hæðsta og hinir fylgja á eftir. Litaskalarnir tengjast síðan hinum fjóru trjám Kabalísku heimanna.⁴⁸ Riddara-skalinn táknar kjarnann, er hulin undirstaða litanna (e. invisible foundation of color) og hann litar tré æðsta heimsins *Atziluth*. Drottningar-skalinn ber liti sem augað sér bersýnilega í litbrigðum, grunnlitum og litum sem fást við blöndun grunnlita og þessir litir lita tré heimsins *Birah*. Skali prinsins sameinar liti riddarans og drottningarinnar og litar heim *Yetsirah* og að lokum er það skali prinsessunnar sem táknar litina sem eru hvað mest blandaðir og mengaðir og þeir lita lægsta heiminn *Assiah*.

Ef við tökum fyrir ákveðin spil og röðum saman eins og klippimynd (sjá mynd 5) þá sjáum við mjög greinilega að þau tengjast og eru áþekkt. Þá sjáum við að það eru ekki einungis litirnir eða táknfræði spilanna sem tengja þau heldur einnig rúmfræði (e. geometry) þeirra. Hverskonar rúmfræði nýtti Harris sér til þess að koma fram þessum sterku tengingum og hefur hún áhrif á táknfræði spilanna? Stíll hennar einkennist af myndrænni útfærslu stærðfæðilega hugtaksins *Projective geometry* sem má þýða sem varprúmfræði. Varprúmfræðin sem Harris notaði er þróun af rúmfræði Evklíðs⁴⁹ (e. Euclidean geometry) sem á rætur sínar að rekja til stærðfræðingsins Descartes (1596-

⁴⁵ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 66.

⁴⁶ Sylvie Simon, *The Tarot: Art, mysticism and Divination*, bls. 57.

⁴⁷ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 65.

⁴⁸ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 66.

⁴⁹ „Evklíð, grískur stærð-fræðingur, uppi um 300 f.Kr., kunnastur af riti sínu um grundvallaratriði rúmfræðinnar.“ „Euclidean“, *Snara.is*, Snara ehf., sótt 1. desember 2014, [www.snara.is/leitarord „Euclidean“](http://www.snara.is/leitarord/Euclidean).

1650), margar hugmynda hans voru byggðar á stærðfræði og dulspeki til dæmis kenning hans um samsíða línur sem mætast í óendanleikanum.⁵⁰

Við þróun varprúmfræðinnar, sem er byggð á hugmyndinni um frumatriði (e. element) í óendanleikanum, kom ákveðin dýptarsýn og fjarvíddaráhrif ofan á rúmfræði Evklíðs. Viddir og hlutföll fóru að vega minna vegna þess að einkenni svo sem lengdir breytast undir mismunandi varpi eða sjónarhorni.⁵¹ Á síðari öldum bættist svo hugmyndin um mismunandi póla óendanleika miðjunnar og útjaðar yfirborðsins (e. infinity in center and periphery).

Varprúmfræði var á árunum 1930 miðpunktur hjá lærlingum Rudolf Steiner (1861-1925). Þremur árum áður en Harris hófst handa við að útfæra Thoth Tarot lærði hún hjá tveimur af helstu nemendum Steiners, George Adams (1894-1963) og Olive Whicher (1910-2006).⁵² Whicher kom svo reglulega og kenndi Harris á vinnustofu hennar þegar hún vann að Thoth Tarot.⁵³ Steiner vakti athygli á því að fólk þyrfti að þekkja hugmyndina um óendanleika miðjunnar og útjaðar yfirborðsins. Hann sagði mannkynið þurfa á hugtakinu um óendanleika miðjunnar að halda til þess að finna og öðlast andlegt og tilfinningalegt jafnvægi til að þróa andlega eiginleika. Steiner gerði ráð fyrir því að óendanleikann sé að finna í miðju sólarinnar⁵⁴ Harris taldi mikilvægt að koma þessum skilaboðum áfram í myndmáli Thoth.

Þó það sé kannski erfitt fyrir okkur að skilja varprúmfræðikerfið sjálft þá getum við séð hvernig Harris nýtir sér það með notkun lína, neta, boga, hvirfla, snúninga og hvernig hún teygir úr sjónarhornum og leggur yfir önnur sjónarhorn til að endurskilgreina gerð rýmisins á sjónrænan hátt. Í hvert sinn sem við lítum á spilin verðum við óhjákvæmilega að vera hafin yfir takmörkun vídda huga okkar og í augnablikinu koma okkur fyrir í aðstæðum þar sem óendanleg dýpt getur gerst samhliða óendanlegu endurvarpi.⁵⁵ Í myndmáli Thoth Tarot sjáum við

⁵⁰ Claas Hoffman, „Projective Synthetic Geometry in Lady Frieda Harris' Tarot Paintings and in Aleister Crowley's Book of the Law“, í *Tarot studies archive*.

⁵¹ Keith Devlin, *Mathematics in popular culture: essays on appearances in film, fiction, games, television and other media*, McFarland, Jefferson, 2012, bls. 315.

⁵² Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 19.

⁵³ Claas Hoffman, „Projective Synthetic Geometry in Lady Frieda Harris' Tarot Paintings and in Aleister Crowley's Book of the Law“, í *Tarot studies archive*.

⁵⁴ Claas Hoffman, „Projective Synthetic Geometry in Lady Frieda Harris' Tarot Paintings and in Aleister Crowley's Book of the Law“, í *Tarot studies archive*.

⁵⁵ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 20.

varprúmfræðina ekki aðeins sem línur og form heldur einnig í eftirtektarverðum myndum í forgrunni og bakgrunn sem hárnákvæm áferð eða myndstur.⁵⁶

3.2.1 The Priestess



Mynd 1: *The Priestess*

Tromp númer II í stökk Crowley *The Priestess* eða hofgyðjan, er eins og skólabókardæmi um myndræna notkun á meginreglum varprúmfræðinnar. Hofgyðjan tákna tunglið í sinni hærri ásýnd, þeirri ásýnd sem tengir manninn við guðdóminn. Á Tré lífsins tengir hún æðsta föðurinn *Kether* við soninn *Tiphareth* og með því tengir hún efsta þríhyrning trésins [þríhyrningurinn sem myndast á milli fyrstu þriggja sefrotana sem liggja ofan við Hyldýpið (*The Abyss*)] við rest þess.⁵⁷ Crowley segir í *Book of Thoth*: „Í þessu spili er að finna einu tenginguna á milli heims erkitýpanna og heims mótunar“.⁵⁸ Spilið er tengt við hebreska stafinn *Gimel* (ג) sem þýðir Kameldýr. Kameldýrið sem sést í forgrunni er tákni um fararskjóta, þann eina sem kemst yfir eyðimörk sálarinnar sem Hyldýpið er. Crowley segir hofgyðjuna vera andlegasta form gyðjunnar Isis, hin eilífa jómfrú og lýsir henni svo í *Book of Thoth*:

She is clothed only in the luminous veil of light. It is important for high initiation to regard Light not as the perfect manifestation of the Eternal Spirit, but rather as the veil which hides that Spirit. It does so all the more effectively because of its incomparably dazzling brilliance. Thus she is light and the body of light. She is the truth behind the veil of light. She is the soul of light.⁵⁹

Við sjáum hvernig Harris nýtir sér varprúmfræðina í línunum og formum spilsins. Neðri partur vefsins skapar ákveðna vídd og dýpt í rýmið og varpar til okkar ljósi gyðjunnar. Þar sem hún lyftir höndum skapar hún hreyfingu þar sem hún teygir

⁵⁶ Keith Devlin, *Mathematics in popular culture: essays on appearances in film, fiction, games, television and other media*, 2012, bls. 328.

⁵⁷ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 102.

⁵⁸ „In this card, is the one link between the archetypal and formative worlds.“ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 74.

⁵⁹ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 73.

og afmyndar vefinn sem myndar mánalagaða skál í litum tunglsins.⁶⁰ Tunglið er hér sem tákn kvenleikans. Neðri hluti gyðjunnar virðist vera formfastari, þar sem vefurinn liggur yfir. Efri hlutinn er hins vegar meira geislandi (e. luminous) og ekki jafn formfastur sem sýnir okkur bersýnilega hvernig hún er tengingin á milli veraldlegrar vitundar og dulvitundarinnar sem liggur fyrir ofan Hyldýpið.⁶¹

3.2.2 The Hermit



Mynd 2: *The Hermit*

The Hermit, eða einsetumaðurinn, spil númer IX, er oft nefndur spámáður eilífðarinnar.⁶² Hebreski stafurinn við þetta spil er *Yod* (י) og þýðir hönd, fyrsti stafur Jehovah, sem táknar föðurinn sem býr yfir visku alheimsins.⁶³

Raunar er *Yod* undirstöðutákn hebreska stafrófsins, þar sem að hinir stafirnir eru gerðir út frá formi þess. Sem falið frjó stafrófsins táknar *Yod* leyndardóm sæðisins, sem miðpunkt leyndardóms frjóseminnar. En einsetumaðurinn er mikilvægt tákn karllægrar frjósemisorku.⁶⁴

Crowley skrifar: „Í þessu trompi sést óskertur leyndardómur lífsins verka á sinn dulræna hátt“.⁶⁵ Uppbygging

og formfræði spilsins segir okkur ýmislegt. Hann heldur á

lukt og í miðju hennar sjáum við sólina, með henni lýsir hann upp veröldina. Ásýnd einsetumannsins er löguð eins og form *Yod*. Hann hefur íbishöfuð líkt og egypski guðinn Thoth og það er engu líkara en að hann gangi í gegnum hveitihaga og inn í spilið vegna dýptar myndarinnar, þar sem hann stefnir í átt að *The Orphic Egg*.⁶⁶ *The Orphic Egg* er egg umvafið snák [stundum vængjaður], tákn úr alkemíu, en frjóvgun þess og umsjá er úr alkemískum táknsögum þar sem alkemistinn nálgast þar meistara- verk sitt. Þetta tákn kemur fyrir í nokkrum spilum Thoth Tarot.⁶⁷ Ljósgeislarnir frá luktinni eru vandlega formaðir eftir reglum varprúmfræðinnar sem færir okkur þessa

⁶⁰ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 103.

⁶¹ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 103.

⁶² Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 120.

⁶³ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 88.

⁶⁴ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 120.


⁶⁵ „In this Trump is shewn the entire mystery of Life in its most secret workings.“, Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 89.

⁶⁶ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 121.

⁶⁷ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 303.

miklu dýpt inn í myndina. Hér sjáum við sólina þar sem Harris dregur fram kenningu Steiners um óendanleika miðjunnar sem má finna í sólinni. Sólin birtist okkur einnig hér sem frjósemistákn.

3.2.3 The Hanged Man



Mynd 3: *The Hanged Man*

The Hanged man, eða hengdi maðurinn er spil númer XII og hefur hebreska stafinn *Mem* (מ) sem stendur fyrir helgu hlið vatnsins þar sem vígsluathöfnin, skírinn, fer fram. Líkami persónunnar myndar kross og hendurnar eru teygðar niður á við og mynda þar jafnhliða þríhyrning. Þar sjáum við krossinn rísa upp af þríhyrningnum sem táknar hnignun ljóssins í myrkrið til endurheimtunar (e. redemption).⁶⁸ Það er alheimsfórinn sem skapar, viðheldur og tortímur heiminum.⁶⁹ Snákurinn sem er umvafinn vinstri fót hans táknar skaparann og tortímandann á meðan snákurinn sem hringar um sig í myrkri hyldýpisins er tákn um hið nýja líf.⁷⁰ T-laga

krossinn með lykkjunni (e. Ankh) sem persónan hangir úr er fornegyptskt lífstákn, sem hér er sýnt á hvolfi.

Crowley lýsir þessu spili: „Þetta spil er fallett með sérkennilegum, óminnilegum og dauðvona hætti. Þetta er spil hins deyjandi Guðs; þýðing þess fyrir stokkinn er einungis minnisvarði.“⁷¹ Hér sjáum við hvernig Harris nýtir sér varþrúmfraðina með nákvæmni í forgrunni [persónan] og fínu mynstri í bakgrunni. Netið er eins og tafla frumefnanna sem sýnir nöfn allrar orku náttúrunnar, en áferðin sýnir okkur einnig hvernig hvítu geislarnir frá *Kether* skína í gegnum vatnið.⁷² Hvernig áferð spilsins er skipt upp í þrennt getur einnig gefið til kynna mismunandi merkingu alda (e. aeon) [Aeon of Isis, Osiris and Horus].⁷³

⁶⁸ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 96.

⁶⁹ Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 129.

⁷⁰ Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 96.

⁷¹ „This card is beautiful in a strange, immemorial, moribund manner. It is the card of the Dying God; its importance in the present pack is merely that of the Cenotaph.“, Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 97.

⁷² Aleister Crowley, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, bls. 98.

⁷³ *Aeon of Isis* er tímabilið þar sem næring var ríkjandi þema í mennskri þróun meðvitundarinnar. *Aeon of Osiris* var þegar leyndardómur lífs og dauða var ríkjandi og *Aeon of*

Áhugavert er að skoða hvernig Harris nýtir sér varprúmfræðina til að tengja spilin saman á annan hátt, við sjáum það til dæmis vel með því að bera *The Hanged Man* saman við *The High Priestess* og *Queen of Cups* með toppana saman (Sjá mynd 6).

Horus er núverandi öld. Lon Milo DuQuette, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, bls. 291.

Niðurlag

Þegar ég ákvað að taka Thoth Tarot fyrir sem rannsóknarefni þessar ritgerðar var það fyrst og fremst vegna þess hversu heilluð ég var af myndmáli spilanna og forvitin um þá hugmyndafræði og ekki síst dulfræði sem þau standa fyrir. Ég vildi vita meira um táknfræðina sem spilin eru hlaðin af og hvort að myndirnar sjálfar eða formfræði þeirra gæti haft áhrif á þau tákn sem er miðlað til okkar.

Áður en ég hóf skrifin velti ég fyrir mér svarinu við rannsóknarspurningunni: Hvernig er formfræðin í myndum Thoth Tarot nýtt til þess að túlka táknfræði spilanna? Ég vissi í raun ekkert um það, það eina sem ég vissi fyrir víst var að spilin voru hlaðin merkingum og táknfræði og vegna skyldleika spilanna þegar kemur að formfræði þeirra langaði mig að kafa dýpra til að sjá hvort það væru tengingar á milli formfræðinnar og miðlun táknfræðinnar.

Eftir mikla eftirgrenslna og lestur kynntist ég því hvernig Harris nýtti sér stærðfræðilegt kerfi varprúmfræðinnar og niðurstaða mín er sú að varprúmfræðin virðist óhjákvæmilega hafa mikið að segja þegar kemur að miðlun táknfræðinnar sem er ákaflega efnismikil og djúp. Harris hefur náð að nýta varprúmfræðina með mikilli nákvæmni sem grunn spilanna, sem birtist okkur í línunum, bogum, hvirflum og öðrum formum sem gerir það að verkum að myndmál spilanna verður á einhvern hátt enn tengdara á milli spila. Spilin sem eru tekin sem dæmi að ofan, *The Priestess*, *The Hermit* og *The Hanged Man* útskýra þetta náðið og í meðfylgjandi ítarefni má sjá nánari samanburð við annan hefðbundinn stökk (myndir 12-17) ásamt skýringarmyndum varprúmfræðinnar (myndir 7-11). Segja má að kenningar Rudolf Steiner um varprúmfræðina hafi haft áhrif á Harris en varprúmfræðin virðist vera framlag frá Harris sjálfri til þess að miðla áfram og dýpka táknfræði myndanna.

Heimildaskrá

- Bunning, Joan, *Learning the tarot: a tarot book for beginners*, S. Weiser, York Beach, 1998.
- Crowley, Aleister, *The Book of Thoth: Egyptian Tarot*, Weiser Books, San Francisco, 2008.
- Devlin, Keith, *Mathematics in popular culture: essays on appearances in film, fiction, games, television and other media*, McFarland, Jefferson, 2012.
- DuQuette, Lon Milo, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, Weiser Books, San Francisco, 2003.
- Haich, Elisabeth, *Tarot: Vegur vискunnar*, Árni Reynisson þýddi, Hlíðskjálfi, Reykjavík, 2007.
- Hoffman, Claas, „Projective Synthetic Geometry in Lady Frieda Harris' Tarot Paintings and in Aleister Crowley's Book of the Law“, í *Tarot studies archive*, sótt 27. nóvember 2014, <http://newsletter.tarotstudies.org/2004/03/projective-synthetic-geometry/>.
- Jung, Carl G., Marie-Louise Franz, Josepj L. Henderson, Jolande Jacobi, Aniela Jaffé, *Man and his Symbols*, Aldus Books, London, 1968.
- Simon, Sylvie, *The Tarot: Art, mysticism and Divination*, Alpine Fine Arts Collection, London, 1988.
- Snara.is*, Snara ehf., sótt 1. desember 2014, www.snara.is.
- Walker, James K., *Aleister Crowley*, engin dagsetning, sótt 9. nóvember 2014, <http://www.watchman.org/profiles/pdf/aleistercrowleyprofile.pdf>.
- Wasserman, James, *Instructions for Aleister Crowley's Thoth tarot deck*, U.S. Games System, Stamford, Bandaríkin, 2008.

Myndir og töflur:

Mynd 1: Aleister Crowley, „Tree of Life“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Book of Thoth: Egyptian Tarot*, Weiser Books, San Francisco, 2008.

Mynd 2: Aleister Crowley, „The High Priestess“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Thoth Tarot Deck*, U.S. Games System.Inc, 2008.

Mynd 3: Aleister Crowley, „The Hermit“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Thoth Tarot Deck*, U.S. Games System.Inc, 2008.

Mynd 4: Aleister Crowley, „The Hanged Man“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Thoth Tarot Deck*, U.S. Games System.Inc, 2008.

Mynd 5-11: Claas Hoffman, enginn titill, myndir fengnar úr Claas Hoffman „Projective Synthetic Geometry in Lady Frieda Harris' Tarot Paintings and in Aleister Crowley's Book of the Law“, í *Tarot studies archive*, sótt 27. nóvember 2014, <http://newsletter.tarotstudies.org/2004/03/projective-synthetic-geometry/>.

Mynd 12: Aleister Crowley, „The High Priestess“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Thoth Tarot Deck*, U.S. Games System.Inc, 2008.

Mynd 13: Oswald Wirth, „The High Priestess“, mynd fengin úr Elisabeth Haich, *Tarot: Vegur vискunnar*, Árni Reynisson þýddi, Hlíðskjálfr, Reykjavík, 2007.

Mynd 14: Aleister Crowley, „The Hermit“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Thoth Tarot Deck*, U.S. Games System.Inc, 2008.


Mynd 15: Oswald Wirth, „The Hermit“, mynd fengin úr Elisabeth Haich, *Tarot: Vegur vискunnar*, Árni Reynisson þýddi, Hlíðskjálfr, Reykjavík, 2007.

Mynd 16: Aleister Crowley, „The Hanged Man“, mynd fengin úr Aleister Crowley, *Thoth Tarot Deck*, U.S. Games System.Inc, 2008.

Mynd 17: Oswald Wirth, „The Hanged Man“, mynd fengin úr Elisabeth Haich, *Tarot: Vegur vискunnar*, Árni Reynisson þýddi, Hlíðskjálfr, Reykjavík, 2007.

Tafla 1: DuQuette, Lon Milo, *Understanding Aleister Crowley's Thoth Tarot*, Weiser Books, San Francisco, 2003.

Myndaskrá




Mynd 5: Klippimynd sem sýnir samstæða heild.



Mynd 6: The high Priestess og The Hanged Man.

Ítarefni


Sonnenraum Figure 15




The Hermit



Sonnenraum Figure 27




The Magus



Mynd 7

Mynd 8


Sonnenraum Figure 23



The Star



Sonnenraum Figure 33



The Priestess



Mynd 9

Mynd 10


Sonnenraum Figure 11



The King of Cups



Sonnenraum Figures 39 & 40



The Prince of Swords



Mynd 10

Mynd 11

Myndir 7-10: Dæmi frá teikningum Olive Whicher í samanburði við Thoth Tarot.



Mynd 12: Thoth Tarot; The Priestess




Mynd 13: Wirth tarot: The High Priestess



Mynd 14: Thoth Tarot; The Priestess



Mynd 15: Wirth tarot: The Hermit



Mynd 16: *Thoth Tarot; The Hanged Man*



Mynd 17: *Wirth tarot; The Hanged Man*